466. fundur velferðarnefndar
haldinn á skrifstofu velferðarsviðs í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 3. nóvember 2022 og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu:
Þórir Guðmundsson formaður, Halldóra Björk Norðdahl varaformaður, Kristín Björk Jóhannsdóttir aðalmaður, Eyþór Bjarnason aðalmaður, Aníta Björk Pálínudóttir áheyrnarfulltrúi og Guðrún Steinþórsdóttir varamaður.
Embættismenn:
Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Harpa Stefánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Svala Sif Sigurgeirsdóttir sat fundinn.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir og ýmis erindi - BsVest 2022 - 2022030071**

   Byggðasamlag Vestfjarða kynnir starfssemi sína.

   Kynningu frestað fram að næsta fundi

2. **Dagvist aldraðra 2022 - 2022050057**

   Kynning á samningi milli Sjúkratrygginga Íslands og Ísafjarðarbæjar um þjónustu í almennri dagdvöl og dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun.

   Drög að samningi lögð fram til kynningar.

3. **Félagslegar íbúðir 2022 - 2022110006**

   Kynning á drögum að reglum Ísafjarðarbæjar um félagslegt leiguhúsnæði.

   Drög að reglum um félagslegt leiguhúsnæði kynnt fyrir velferðarnefnd. Velferðarnefnd er hlynnt því að reglur um félagslegt leiguhúsnæði hjá Ísafjarðarbæ verði samræmdar á þann hátt sem drögin leggja til. Nefndin hvetur til að unnið verði áfram með drögin í samræmi við umræður á fundinum.

4. **Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031**

   Lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um útlendinga (alþjóðleg vernd), 382. mál.

   Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

Þórir Guðmundsson	Halldóra Björk Norðdahl
Kristín Björk Jóhannsdóttir	Eyþór Bjarnason
Aníta Björk Pálínudóttir	Guðrún Steinþórsdóttir
Margrét Geirsdóttir	Harpa Stefánsdóttir